

# Fjallskilamála<sup>76</sup>reglugjörð Kjósarsýslu. 22. ágúst

## I.

### *Stjórn fjallskilamála*

#### 1. gr.

Sýslunefnd hefur yfirstjórn og umsjón allra fjallskilamálefna sýslunnar. Hreppsnefnd hefur stjórn og framkvæmd á slíkum málefnum í sveitarfjlagi sínu, eða í samvinnu, þar sem fleiri sveitarfjög en eitt hafa rjettafjlag sameiginlegt.

#### 2. gr.

Hreppsnefndir geta gert ákvarðanir um fjallskilamál, hver í sveit sinni og upprekstrarlöndum hennar, en elgi má með því raska reglugjörð þessari, og er hreppsnefnd hverri skylt að gæta þess, að ákvæðum hennar sje í öllu hlýtt.

#### 3. gr.

Verði ágreiningur milli hreppsnefnda út af fjallskilamálefnum, heyrir hann undir úrskurð sýslunefndar, og eins allar kröfur eða kærur á hendur sveitarstjórnarvöldum út af slíkum málefnum. Einstakir menn geta komið sjer saman um að leggja ágreining um slík mál undir úrskurð sýslunefndar, er þá skal vera bindandi fyrir málsaðila.

## II.

### *Upprekstrarlönd og notkun þeirra.*

#### 4. gr.

Land alt í sýslunni greinist í upprekstrarlönd og heimalönd. Það teljast upprekstrarlönd, sem búpeningur gengur í á sumruum, en eru svo fjærlæg bygð, eða þannig á sig komin, að lítt notast á veturnum, hvort sem eru lönd einstakra jarða eða fjelagsleg afrjettarlönd, og sje skipaðar leitir í þeim til rjetta. Öll önnur lönd, nærlægari bygð, sem búfjenaður getur í gengið, teljast heimalönd.

#### 5. gr.

Enginn má taka annara skepnur í fjelagslegt upprekstrarland (afrjett), nje án leyfis hreppsnefndar hafa það til sjernota fyrir sig, svo sem til slægna, selstöðvar eða þvílíks. — Euga skepnu má færa í upprekstrarland nje skilja þar eftir án heimildar landráðanda.

Fjenað, sem færður hefur verið í upprekstrarland (afrjettarfjenað), má eigi ónáða þar nje þaðan taka, án leyfis eða tilsjónar landráðanda, fyr en í haustleitum.

#### 6. gr.

Hafi maður meira upprekstrarland en svo, að þurfi til eigin nota, og hafi eigi leig-

**76** endur að innansveitar, skal hann bjóða hreppsnefnd forgangsrjett til leigu á því eða upp 22. ágúst reksturs í það fyrir 1. maí og tilgreina leigukjör. Hafi hreppsnefnd eigi fyrir maflök tilkynt honum að hún vilji leigja, er honum heimilt að leigja öðrum.

Sá, sem upprekstur tekur í land sitt, skal fyrir 1. ágúst ár hvert skýra hreppsnefnd frá hverjir noti upprekstur hjá honum það sumar og fyrir hve margt sauðfje og hross hver. Sá er þetta vanrækir missir rjett til að kæra yfir álögðum fjallskilum (48. gr.).

#### 7. gr.

Þyki ofsett í ógirt upprekstrarland má krefjast þar ítölu. Tilnefna málsaðilar hvor einn mann í þá gerð, en næsti hreppstjóri sje oddamaður, eða dómkvaddur maður í hans stað, sje hann við málið riðinn. Sje ítölugerð áfrýjað, dómnefnir sýslumaður þrjá óvilhalla menn, og sje einn formaður, til endilegrar gerðar um það mál. Kostnaður við þá gerð greiðist að hálfu úr sveitarsjóði, en að hálfu af landráðanda ef ofsett álzit að vera í landið, ella (að hálfu) af þeim er ítölu krafðist. Sama gildir um borgun til oddamanns við frumgerðina.

### III.

#### *Heimalönd og friðun þeirra.*

#### 8. gr.

Bannað er að færa skepnur í heimaland eða skilja þar eftir heimildarlaust, nema víst sje að þar eigi frjálst að vera. Sá, er þetta ákvæði brýtur, greiði landráðanda bætur, auk sektar. Sje eigandi viljandi valdur að færslunni má með skepnurnar fara sem óskilafje (11., 32.—33. gr.).

#### 9. gr.

Bannað er að taka nokkra skepnu, þótt sjálfur eigi, í heimalandi, ef spjald með bæjarnafni og nafni hreppstjóra þar í sveit er á fest, nema samþykki gæslumanns eða leyfi hreppstjórans komi til (sbr. 11. gr.).

#### 10. gr.

Gangi fjenaður úr upprekstrarlandi í heimaland getur sá eða þeir er fyrir slíkum ágangi verða, rekið fjenaðinn aftur í upprekstrarlandið, en í land nággranna má ekki reka (8. gr.). Ber grönnum að leggja hver öðrum lið til slíkrar vörzlu. Sjeu mikil brögð að ágangi á heimalönd í sveit, getur hreppsnefnd gert ráðstafanir til að afstýra honum (31. gr.), en þær ráðstafanir skal með nægum fyrirvara tilkynna nálægum sveitum. Skal þá með óhirt fje, er innansveitar hefur rjett til að ganga, svo og óþekt úrgangsfje, fara eftir ráðstöfun hreppsnefndar. Utansveitarfje, er sjest hvar á heima og eigi er hirt, getur hreppsnefnd ákveðið að rekið sje til heimkynnis þess. Kostnað við þann rekstur má greiða úr sveitarsjóði, en hann á kröfu til eigenda fjenaðarins um fulla borgun fyrir reksturinn og áganginn, nema fjenaðar-eigandi sanni að hann hafi það sumar fært skepnurnar í heimilt upprekstrarland, eða þær átt frjálst að ganga í heimalandi hans (sbr. 14. gr.) og eigi verið þaðan færðar af hans völdum.

#### 11. gr.

Leggja má hald á hross, sem ágang gera í heimalandi, og skal þá sá, er fyrir ágangi

verður af þeim, jafnframt tilkynna umráðamanni þeirra það, og aðvara hann um að hirða þau, 76 ef sjeð verður hvar heima eiga, ella má tilkynna þau hreppstjóra til ráðstöfunar, en hann 22. ágúst leggur til á þau merkispjöld um gæslutímann (9. gr.). Hagagjald má reikna  $\frac{1}{2}$  álnar virði um sólarhring fyrir hross, talið frá því tilkynning er send. Hagagjald og kostnaður við tilkynning greiðist um leið og hrossa er vitjað, ella má halda þeim og hafa að veði uns greitt er, eða fara skal með þau sem óskilafje (33. gr.), ef viku lengur dregst að hirða þau frá því tilkynningin kom á heimili umráðamanns eða til heimkynnis hrossanna, er merkin sýna (38. gr.).

## IV.

*Vorsmalanir.*

## 12. gr.

Hreppsnefnd skipar fyrir um smalanir á vorum eftir þörfum, bæði í heimalöndum og upprekstrarlöndum sveitarinnar. Eru allir, sem ábúð eða afnot jarðar hafa, skyldir að hlýða þar að lútandi ráðstöfunum hennar.

Rjett er að hreppsnefnd gefi öðrum sveitum, sem þar eiga fjár von, kost á að senda menn til smölunar og aðstoðar við rjettun, og sje það gert, skulu þeir háðir stjórn þar við þau störf, og mega hirða um fje sveitar sinnar í rjettunum.

## 13. gr.

Hreppsnefnd skipar rjettastjóra í vorrjettum, og eru allir viðstaddir skyldir að hlýða honum. Hann gerir ráðstafanir til að hirt sje um rúning fjár og mörkun lamba, er fjarstaddir menn eiga þar eða aðrir, sem eigi hafa tekið þátt í smölun í sveitinni, og að rjettunarstörfin fari fram með góðri reglu, ull komist til skila, lömb sjeu rjett mörkuð og komist til mæðra sinna. Skal hreppsnefnd ákveða sanngjarnt gjald fyrir rúning og skil á ull og fyrir mörkun lambs. Við heimasmalanir skulu menn og gera sjer far um að greiða eftir föngum fyrir skepuum fjarlæggra eigenda á sama hátt, gegn samskonar ákveðinni borgun. Þekkist eigi eigandi kindar, sem rúin er, skal ullin, ásamt marklýsingu, send hreppstjóra, er fer með hana sem óskilafje (33. gr.).

## V.

*Upprekstrarákvæði.*

## 14. gr.

Hreppsnefnd skal láta þeim sveitarbúum, er þess óska, í tje álit sitt um hve margan fjenað, auk málnytarpeneings og tamiuna hrossa, þeim sje frjálst að hafa í ógirtu heimalandi um sumartímann. Að öðru leyti ber öllum, sem eiga eða hafa til umráða dilkær, fráferulömb, geldfje eða ótamin hross, að reka upp slíkan fjenað, nema í fullheldri girðingu sje. Þeir, sem ekki eiga víst upprekstrarland eftir þörfum, snúi sjer til hreppsnefndar fyrir 15. maí með tilmæli um, að hún útvegi þeim upprekstrarleyfi, og ber henni þá að hlutast til um þetta (6. gr.). Vanræki maður að útvega sjer upprekstrarleyfi eða að reka upp fjenað sinn,

76 og kæri nágrannar hans það fyrir hreppsnefnd, getur hún, ef þörf gerist, annast um þetta, 22. ágúst en vanrækslumaður greiði allan kostnað, er af því leiðir, auk sektar.

Mannýgar skepnur, hrúta eða naut, má alls eigi uppreka nje hafa óhamlaðar í heimalandi.

## VI.

### *Fjallskil.*

#### 15. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem fjenað á eða hefur til umráða, hvort sem jörð hefur til afnota eða eigi. Svo má og leggja fjallskil á notanda jarðar þótt hann hafi eigi skepnur til umráða. — Til leita í hverju upprekstrarlandi ber einkum að skipa þá er það nota. — Öllum er skylt að leggja til fjallskila eftir fyrirskipun hreppsnefndar; skal fyrirskipun hennar um aðal-haustfjallskil birt með fjallskilaboði, er komið sje til kynna þeim, er hlut eiga að máli, viku fyrir fyrstu haustleitir.

Fjallskilakostnaði má jafna niður og leggja á bæði í vinnu og í peningum, eftir því sem hreppsnefnd álitur hagkvæmt.

#### 16. gr.

Hver maður er fjallskilaskyldur í sveitarfjelagi því, sem hann á heimili í. Fjallskil má leggja á mann þar sem hann notar upprekstur fyrir skepnur sínar, þótt utansveitar sje, og er honum þá skylt að hlýða í því efni fyriræmælum hreppsnefndar þeirrar sveitar, er hann rak upp í; en eigi er hann fyrir það laus við fjallskilaskyldu í sveit sinni, nema að því leyti, sem hann fær þar undanþágu. — Til fjallskila telst eitt hross í upprekstri jafnt 6 sauðkindum.

Umráðamaður lands, sem tekið hefir til sumargöngu fjenað af utansveitarmönnum, á að tilkynna þeim, hver fjallskil þeim eru ætluð í fjallskilaboði sveitariinnar, og ber hann ábyrgð á fjallskilum þeirra gagnvart hreppsnefndinni.

## VII.

### *Haustleitir.*

#### 17. gr.

Þrennar skulu vera aðal-haustleitir til rjetta. Skal í hvert sinn leita öll upprekstrarlönd, er sóku eiga að hverjum rjettum. — Leitir fara venjulega fram daginn áður en rjettað er. Lamað fje og ósjálfbjarga ber einnig að færa til rjetta. Hrossum sje safnað í 2. og 3. leit.

#### 18. gr.

Hver sá, er ábúðarnot jarðar hefur, skal vandlega smala heimaland hennar í hvert sinn er leitir fara fram, og færa úrtíning þaðan til rjetta eða saman við safn á leið þangað. Getur hreppsnefnd ákveðið smölunardag, og einnig skipað menn til að hafa eftirlit með því, að þessu sje hlýtt, og að úrtíningur sje rekinn í samlögum frá bæjum, sem langt eiga til rjettanna; má telja slíkt eftirlit með fjallskilum. En sje heimalandsmölun og færsla úrtínings til rjetta vaurækt, skal hreppsnefnd láta gera þetta, eftir því sem við verður komið, og er jarðarnotandi skyldur að greiða allan kostnað af því leiðandi, auk sektar.

## 19. gr.

Hreppsnefnd skipar foringja fyrir hverja leit, og varaforingja, ef þurfa þykir. Leitaforingjar skipa fyrir um leitir, og ræður hver þeirra yfir safni sínu uns það er komið í rjettir, eða skipaður safngæslumaður tekur við umsjón þess. — Leitarmönnum ber að sýna leitarforingja fulla hlýðni meðan þeir eiga að vera undir stjórn hans.

76  
22. ágúst

## 20. gr.

Skipa skal menn til að vera í útrjettum, þar sem að mun er von fjenaðar úr sveitinni, nema á annan hátt sje um hirðing hans samið. Sjeu fleiri menn en einn sendir í útrjettir saman, ber að tilnefna foringja fararinnar, og skal hann hafa gætur á að vandlega sje hirtur þar fjenaður úr sveitinni, vel með hann farið og honum haldið til skila er í sveitina kemur.

## 21. gr.

Sá, er eigi hirðir um að senda mann í leit eða vanrækir að gera önnur fyrirskipuð fjallskil, skal greiða í sveitarsjóð það, sem hin vanræktu fjallskil eru af hreppsnefnd metin til verðs, auk sektar. Kaupa má, ef kostur er, mann í stað þess er vantar, á kostnað sveitarsjóðs. Ef maður, sem sendur er í útrjettir eða leit, reynist svo liðljettur eða illa útbúinn, að eigi fái unnið fult gagn, að dómi foringja hans og annara rjettsýnna manna, er um vita, greiði sá, er þann mann sendi, sveitarsjóði fulla borgun eins og fyrir vanrækt fjallskil, og má, ef þörf gerist og unt er, kaupa mann í hans stað á kostnað sveitarsjóðs.

## VIII.

*Rjettir og rjettastörf.*

## 22. gr.

- a. Eyjarjettir í Kjós; fyrsti rjettadagur: þriðjudagur í 22. viku sumars; rjettafjelag: Kjósarhreppur Sundurdrátt má hafa að Fossá.
- b. Kollafjarðarrjettir á Kjalarnesi; fyrsti rjettadagur: miðvikudagur í 22. viku sumars; rjettafjelag: Kjalarneshreppur. Sundurdrátt má hafa við Arnarhamar.
- c. Hafravatsrjettir í Mosfellsveit; fyrsti rjettadagur: þriðjudagur í 22. viku sumars rjettafjelag: Mosfellssveit og Seltjarnarneshreppur ásamt Reykjavíkurbæjarlandi. Sundurdrátt má í síðari rjettum hafa þar sem hreppsnefndir rjettafjelagsins ákveða. — Önnur rjettun fer fram í öllum rjettunum 2 vikum síðar sama vikudag og fyrsta rjettun, og 3. rjettun 2 vikum þar frá. — Úrgang úr sundurdráttarrjett skulu tilkvaddir menn reka svo fljótt sem verða má, að í tækan tíma sje kominn til aðalrjetta.

## 23. gr.

Rjettastæði má breyta eftir tilsögn hreppsnefndar, hafi  $\frac{2}{3}$  fjallskilaskyldra búenda í rjettafjelagi samþykkt það, og komi samþykki sýslunefndar til. Sama gildir ef rjettafjelagi skal breyta. Sje rjettastæði breytt skal það auglýst í lögbirtingablaði landsins. — Eigi má synja um rjettastæði, þar sem hreppsnefnd óskar að hafa það, ef eigi er ræktað land.

## 76

22. ágúst

Abúandi jarðar, er land á undir rjettum, fær úr sveitarsjóði þóknun fyrir átroðning af rjettunum eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna.

## 24. gr.

Bygging og viðhald rjetta, með nægum dilkum fyrir fjenað rjettafjelagsmanna, ómerkingadilk og safngerði, annast hreppsnefnd þar sem rjettir eru. Við aðalrjettir hverjar skal utansveitarmönnum, er þar eiga von fjár að mun, skylt að hafa dilk fyrir fjenað sinn, og ber hreppsnefnd þar sem rjettirnar eru, að annast bygging og viðhald slíkra dilka á kostnað notasveitarinnar.

Kostnaði við bygging og viðhald rjetta skal hreppsnefnd, hver í sinni sveit, jafna niður, að  $\frac{2}{3}$  eftir tölu sauðfjár og fjallskilaskyldu-hrossa, en að  $\frac{1}{3}$  eftir tölu jarðarhundraða að því er landbúnaðarjörðum viðkemur, en á landlitlum sjávarjörðum ber að jafna á eins mörg hundruð, eins og áhöfn búpenings er á þeim eða gæti verið að hundradatali (í fríðu) eftir álit hreppsnefndar.

## 25. gr.

Hreppsnefnd skipar rjettavörð, er hafi gætur á að rjettir sveitarinnar sjeu jafnan í góðu standi. Það, sem rjettavörður kostar til viðhalds rjetta, greiðist honum úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hreppsnefnd úrskurðar, en síðan jafnar hún þeim kostnaði á þá, er í hlut eiga (25 gr.).

## 26. gr.

Hreppsnefnd skipar rjettastjóra til að sjá um rjettastörfin; skal hann annast um að rjettun byrji svo snemma dags sem verða má, og að góð regla og gangur sje á rjetta-störfunum; má enginn viðstaddur óhlýðnast fyrirskipunum hans þar að lútandi. Ber hreppstjóra að aðstoða hann, ef þörf gerist. — Rjettastjóri getur skipað formann í hverju dilkfjelagi, er sje honum til aðstoða við rjettastjórnum, sjái um drátt í dilkinum og rekstur fjenaðarins úr rjettunum. — Enginn má hleypa út úr dilk fyrir en rjettastjóri leyfir og hefur látið kanna fjeð í dilkunum; að því er hver viðstaddur skyldur að vinna, sem til er kvaddur; skal einkum vanda til skoðunar í þeim dilkum, sem margir draga í eða fje úr er rekið í fjarlægð.

## 27. gr.

Rjettastjóri sjer um að allir markleysingar (ómarkaðir og eyrnaskemdir), er í safni finnast, séu dregnir sjer í dilk, og skal þeim, er þess óska, gefinn kostur á að láta mæður helga sjer þar afkvæmi, undir umsjón manns, er hreppsnefnd hefir til þess skipað. Ber honum ásamt rjettastjóra eða hreppstjóra að úrskurða um hvort móðir hafi helgað sjer markleysing (lamb, kíð, folald).

## 28. gr.

Rjettastjóra ber að annast um að dreginn sje allur sá fjenaður, er sjeð verður hvar á heima, eftir markaskrá eða þekking áreiðanlegra manna og sem viðstaddir menn fást til að hirða og trúa má fyrir að koma til skila; má enginn, sem til þess er kvaddur, skorast undan aðstoð við þetta.

Við drátt fjenaðar gengur hornamark fyrir eyrnamarki, skrásett brennimerki, ef eigi

eiga fleiri hið sama, fyrir eyrna- og horna-marki og greinilega áletrað spjald (38. gr.) fyrir öðrum merkjum og mörkum. Þó er sá, sem forgangs merkið á, skyldur að gera grein fyrir, ef þess verður krafist, hvernig hann hefur eignast skepnuna, og svo hver annara eigenda merkja eða marka. 76

Úrgangsfje það, sem afgangur verður, eftir nákvæma skoðun á hverri skepnu við skrárdrátt, svo og markleysinga óútgegna, afhendir rjettastjóri hreppstjóra sem óskilafje, en hann lætur skoða hverja skepnu á ný, semur með aðstoð tilkvaddra manna lýsing á þeim, og selur þær síðan við uppboð í rjettunarlokinn.

### 30. gr.

Í haustrjettum eða leitum má eigi eyrnamarka fje nema með leyfi hreppstjóra og að viðstöddum 2 áreiðanlegum mönnum; skulu þeir, ef krafist verður, gera grein fyrir hvers vegna mörkunin fór fram og hvaða mark á var. Ef sala og kaup á skepnum fer fram í rjettum, ber seljanda að skýra hreppstjóra frá því, og getur hann haft eftirlit með slíkrí verslun, þyki honum ástæða til.

## IX.

### *Aukasmalanir.*

### 31. gr.

Auk aðal-haustleita (17.—18. gr.) getur hreppsnefndin ákveðið smalanir á öðrum tímum. Sje svo ákveðið, að úrtíningur skuli þá rekinn til rjetta, ber að tilkynna rjettunardaginn nálægum sveitum. Þá er smalanir án rjettunar fara fram, eru allir búendur og jarða notendur skyldir til að greiða fyrir skilum á annara fjenaði, er fyrir kemur í löndum þeirra og senda hann á rjetta leið til næsta bæjar (sjá þó 8. og 10. gr.). Hreppsnefnd getur ákveðið rekstrarleiðir í sveitinni, ef þess er þörf. Ber búanda hverjum að flytja fjenaðinn áfram bæ frá bæ í leið, uns til skila er kominn.

## X.

### *Meðferð óskilafjenaðar.*

### 32. gr.

Markleysinga og annan óskilafjenað, er fyrir kemur eftir afstaðnar haustleitir, skal sá, er slíkt kemur fyrir hjá, þegar senda á leið til hreppstjóra (31. gr.), og ber honum að ráðstafa því eftir bestu föngum, ella selja við uppboð (33. gr.).

Sje manni dregin skepna, sem ekki er eign hans, en þó með hans marki, er honum óheimilt að halda henni og auglýsa sjálfum, heldur ber að afhenda hana hreppstjóra sem annað óskilafje.

### 33. gr.

Óskilakindur skulu venjulega seldar án innlausnarfrests nema einkent metfje sje (t. d. kynbóta- eða forustukindur). Metfje og hross, eldri en folöld, skal selja með 6 vikna innlausnarfresti frá söludegi og má kaupandi eigi farga þeim þann tíma nje marka á eyrum,

76 þótt í hans ábyrgð sjeu. Óskilafjenað, sem hreppstjóra hefur verið sendur eftir aðalhaust-  
22. ágúst leitir (32. gr.) og eigi orðið til skila komið, svo og ágangshross sem í óskilum verða vegna þess, að eigi sjest hvar heima eiga, á hverjum tíma árs sem fyrir koma, (11. gr.), selur hreppstjóri að undanfarinni uppboðsauglýsingu á þann hátt, sem í sveitinni tókast, þó með minnst viku fyrirvara eigi að selja hross, eldra en folald. — Borgun fyrir haga og gæslu óskilafjenaðar, svo og fóður, ef þess er þörf, ákveður hreppstjóri eftir gangverði á slíku þar í sveit. Sá, er kæra vill um of háan kostnaðarreikning, sendi kæru sína sýslunefnd, er leggur endilegan úrskurð á það mál.

Ákvæði þessarar greinar um innlausnarfrest og auglýsingarfyrirvara falla burt ef óskilaskepna, sem þau annars ættu við, er vegna fötlunar, sjúkleika, megurðar eða þvílíks ekki lífvæn eða fóðurtæk, að dómi 2 tilkvaddra, greinargóðra manna.

#### 34. gr.

Eftir uppboð á skepnum þeim, sem með innlausnarfresti eru seldar, skal hreppstjóri við fyrsta tækifæri senda lýsing á þeim til birtingar í lögbirtingablaði landsins, og tilgreina söludag. Sjeu seldar skepnur innleystar, skal eigandi greiða 10% af uppboðsverðinu til kaupanda fyrir ábyrgð á þeim; svo geiði hann og annan áfallinn kostnað til innlausnardags.

#### 35. gr.

Í janúarmánuði skal hreppstjóri senda markaverði skýrslu um óútgenginn óskilafjenað, nema ómörkuð lömb, sem í sveitinni hefir seldur verið á næstliðnu ári. Skal lýsing hverrar skepnu byrja á marki, ef á er, og þeim raðað eftir stafrófi; semur markavörður síðan skýrslu í einu lagi um selt óskilafje í sýslunni, er birtist í lögbirtingablaði landsins.

#### 36. gr.

Andvirði selds óskilafjenaðar, að áföllnum kostnaði fráðregnum, greiðist eiganda ef hann gefur sig fram við hreppstjóra og sannar honum eignarrjett sinn innan 1. ágúst næsta, ella greiði hreppstjóri það í sveitarsjóð fyrir septemberlok, og gefi jafnframt skýrslu til oddvita um allan óskilafjenað, sem seldur hefir verið þar í sveit fyrri ár, er fylgi sveitarsjóðsreikningi.

### XI.

#### *Mörk og markaskrár.*

#### 37. gr.

Hver, sem skepnur á eða hefur til umráða, er skyldur að hafa á þeim glögt mark eða merki, svo vafalaust verði sjeð hvar þær eiga heima. Sje sauðfje með óskýru eða villandi eyrnamarki ber að hornmarka það, ef unt er, og brennimerkja með skrásettu einkamerki. Sjeu hjerads- og sveitamörk eigi upp tekin, ber að hafa sveitarbrennimerki á hyrndu fje, eldra en lömbum; sje þetta vanrækt, getur eigandi ekki átalíð, þótt fjeð verði eftir í úrgangi. Metfje ber að merkja með vel festu spjaldi, er orðið: metfje eða met sje á lettrað, ella verður eigi átalíð þótt það við óskilafjársoðu sje selt án innlausnarfrests. — Við mörkun sauðfjár má alls eigi skera meira af eyra en svo, að minst  $\frac{2}{3}$  hlutar þess sjeu óskertir.

## 38. gr.

76

22. ágúst

Hver sem hefur undir hendi hross, sem ekki er með eyrnamarki skrásettu í gildandi markaskrá á því heimili, sem hrossið þá telst til, skal merkja það með spjaldi úr haldgóðu efni vandlega festu í faxið framanvert, eða með málmspjaldi festu í eyra, er á sje letrað svo greinilega að ekki sje um að villast hvar hrossið eigi að vera. Sje þetta vanrækt, getur enginn átalið þótt farið verði með hrossið sem óskilafje, ef það fer á flækning eða gerist ágangs-hross (11. og 33. gr.).

## 39. gr.

Markaskrá hefur Kjósarsýsla væntanlega sameiginlega með Gullbringusýslu, ásamt Hafnarfirði og Reykjavík (og ef um semur, Arnessýslusveitunum vestan vatna, sbr. »Ingólfskrána« 1917). — Enginn má taka upp mark, sem sammerkt er eða villandi námerkt við annað skrásett mark á því svæði, sem skráin tekur yfir, nje annarsstaðar í Arnessýslu eða í Borgarfjarðarsýslu. Mikil særingarmörk má eigi upp taka nje þau mörk, sem vandgerð eru svo að eigi valdi vafa.

## 40. gr.

Þá er markaskrá skal prenta fyrir skrásvæðið (39. gr.), væntanlega 5. hvert ár, skal hver markiegandi, sem eigi vill láta mark sitt niður falla, koma því í skrána, og greiða markgjaldið. Fyrir nýtt mark skal greiða 5-falt markgjald. Sýslunefnd getur ákveðið stighækkandi markgjald fyrir fleiri sauðfjármörk en eitt hjá manni. Hafi maður sjerstaklega hrossamark má það einungis nota á hross (og naut).

Prenta ber svo mörg eintök af markaskránni handa Kjósarsýslubúum, að hver markiegandi geti fengið eitt, og auk þess nokkur til vara, og til að senda í nálæg hjeruð, þar sem von er fjársamgangna úr sýslunni. — Fjallaskilamálareglugerð sýslunnar ber að prenta með markaskránni.

Aður en mörkum er safnað til prentunar skal sýslunefnd hafa ákveðið markgjald, til lúkningsar kostnaði við söfnun markanna, skráning og útgáfu skrárinnar. Nægi markgjaldið eigi, greiðist það, er á skortir, úr sýslusjóði, og í hann rennur afgangur, ef nokkur verður.

## 41. gr.

Sýslunefnd kys markavörð (væntanlega í samráði og samvinnu við sýslunefnd Gullbringusýslu) til að annast alt það, er að upptöku marka og útgáfu markaskrár lýtur, í hvert sinn sem ákveðið er að prenta markaskrá að nýju, og gildir kosning hans millitímabil- ið; sama gildir um vara-markavörð. — Hreppnefnd hver kys mann til að safna og raða mörkum í sveitinni og inheimta markgjöldin; kosning hans skal oddviti tilkynna markaverði fyrir lok ágústmánaðar það ár, sem mörkum skal safna. Markasafnari fær sem þóknun 10% af markgjöldum úr sveitinni, en að öðru leyti sendir hann þau með markaseðlunum til markavarðar, er að lokinni skráútgáfu gerir reikningskil til sýslunefndar.

Markavörður skipar fyrir um tilhögun markasöfnunar og alt, er þar að lýtur; ber safnendum að haga sjer í því eftir fyrir mælum hans; þeir skulu gera grein fyrir hver mörkin eru ný, en svo teljast þau mörk, sem eigi eru í skrá þeirri, er þá gildir í hjeraðinu, eða hafa auglýst verið samkvæmt reglugerð þessari (41.—42. gr.).

Vel ber að vanda til allra starfa við uppskrift og söfnun marka, röðun í skrá, prófarkalestur og alt því viðkomandi. Verði bagaleg villa í markaskrá ber þeim, sem að henni er valdur, að gefa út leiðrjettingu og auglýsa á sinn kostnað í lögbirtingablaði landsins.

## 76

22. ágúst

Það sem markavörður finnur athugavert við þau mörk, sem honum berast, skal hann tilkynna brjeflega þeim, er í hlut eiga, og jafnframt benda á annað mark, er koma megi í stað hins senda. Hafi svör við slíkum brjefum eigi borist honum fyrir ákveðinn tíma, getur hann litið svo á að hið ávísaða mark sje þegið, og sett það í skrána í hins stað.

Vilji maður taka upp mark eða nota aðflutt mark á skrárvæðinu milli markasöfnunarára, skal hann um það leita samþykkis markavardar, og að því fengnu auglýsa markið í lögbirtingablaðinu; er honum það þá frjálst til notkunar, en óheimilt að öðrum kosti. Hverri slíkri markleyfisumsókn fylgi 10 falt markgjald, er greiðist markaverði fyrir ómak hans.

## 43. gr.

Sýslunefnd leiti samvinnu við nágrannasýslunefndir um gagnkvæmar ráðstafanir til að afstýra sammerkjum og námerkjum, einkum að þegar markaskrársetning fer fram í þeim hjeruðum, þá beri skrársemjendur sig saman við markavörð um ný mörk, nöfn marka, tilhögun í skránum og annað þar að lútandi.

## XII.

*Rekstra-ákvæði.*

## 44. gr.

Við rekstur sauðfjár og hrossa um Kjósarsýslu, á leið til útflutnings eða slátrunar, skal gæta ákvæða þessarar greinar og hinnar næstu (44.—45. gr.).

Formaður skal vera fyrir rekstrarmönnum, og ber hann ábyrgð á að rekstra-ákvæðunum sje hlýtt; að honum skal mega ganga um greiðslu sektar, ef til þess kemur; hann skal, ef krafist verður, gera nákvæma grein fyrir tölu skepuanna í rekstri hans, og annast skal hann um að allar skepnur í rekstriinum sjeu með rekstrarmerki, jafnan svo skýru að eigi sje um að villast.

Rekstri skal svo haga að forðast sje að skemma lönd þau, sem um er farið, og má alls eigi æja í heimalöndum án heimildar. Eigi má reka yfir heimalönd annarsstaðar en almenningsvegir liggja, nema leyfi laundráðanda sje fengið. Varast skal að annar fjenaður lendi saman við, og má alls eigi á ferð vera með rekstur þegar rökkvað er af nóttu.

Rekstursformaður ber ábyrgð á að nægilega sje liðað við reksturinum. Við mikla rekstra skal jafnan vera maður á undan (framan við) til að gæta varúðar, en það telst mikill rekstur ef fleira er en 300 kindur eða 80 hross.

## 45. gr.

Lendi öðrum skepnum saman við rekstur, þá skal að næsta bæ, eftir að þess verður vart, aðgæta reksturinn vandlega og taka úr það sem saman við hefur komist; er heimalönnum skylt að leggja lið til þess eftir ástæðum, endurgjaldslausalt alt að stundar bið, en ef lengur er, gegn endurgjaldi, sem formaður rekstursins sjer um greiðslu á. Hann skal annast um að skepnur þær, sem saman við hafa komist, komist aftur til áttthaga sinna svo fljótt sem verða má, eigendum þeirra að kostnaðarlausu. — Sá, er fyrir boga verður af misrekstri, á aðgang að rekstursformanni um bætur, en hann aftur að þeim, er valdið kann að hafa.

## XIII.

76

22. ágúst.

*Refavinslu-ákvæði.*

## 46. gr.

Hreppur hver telst refaveiðasvæði. — Hreppsnefnd skal vandlega hafa gát á og sporna við því, að refir geti hafst við í löndum þeim, er sveitinni tilheyra; skal hún gera ráðstafanir til að leitað sje að grenjum, þau unna og refum eytt hvenær og hvar sem hittast. Skulu nágranna-hreppsnefndir vinna saman að slíkum ráðstöfunum, svo samtaka geti orðið um fjörráð við refi, ef þeirra gerist vart að mun. — Hreppsnefnd getur skipað *r e f a v ö r ð*, eða falið manni, sem hún álitur best til fallinn, að hafa á hendi framkvæmdir á ráðstöfunum hennar þessu viðvikjandi. Kostnaður, er af refavinsluframkvæmdum leiðir, greiðist úr sveitarsjóði.

Verði nokkur sýslubúa var við refi eða smogin gren þeirra í sýslunni, eða í næstu löndum við hana, skal hann þegar skýra oddvita sveitar sinnar eða refaverði nákvæmlega frá um það, og vísa á staðinn, ef þurfa þykir.

Við lok hvers árs ber oddvita hreppsnefndar að senda oddvita sýslunefndar skýrslu um starfsemi í sveitinni á því ári til að verjast og eyða refum. — Sýslunefnd skal hafa gætur á að hreppsnefndir geri skyldu sína í þessum efnunum, og gera ákveðnar fyrirskipanir þar að lútandi, ef ástæða verður til.

## XIV.

*Ýmisleg ákvæði.*

## 47. gr.

Bannað er að misþyrma skepnunum á nokkurn hátt, svo sem með svelting, hundbeiting, hártogun og öðru þvflíku við rjettir, í rekstrum eða gæslu, í leitum, heimasmölunum, eða annari viðureign og meðferð. Brot gegn þessu varða skaðabótum og hegningu að lögum.

## 48. gr.

Enginn má fresta að framkvæma þær fyrirskipanir, sem gerðar eru samkvæmt reglugerð þessari, þótt óánægður sje með þær, nje að greiða ákveðin gjöld. Sá, sem órjetti þykist beittur í slíku, getur kært það, og gilda um þær kærur sömu reglur sem um útsvarskærur.

## 49. gr.

Í fjallskilamálum gilda um geitfje sömu ákvæði og um sauðfje, um nautpening, ef upp er rekinn eða í óskilum verður, sömu og um hross.

## 50. gr.

Sektir fyrir brot á reglugjörð þessari eða gegn elastökum ákvæðum hennar eru 1—200 krónur, er renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið. — Einföld sekt þó aðeins 1—100 krónur, nema þyngri hegning liggji við að lögum. — Tvöföld sekt skal vera fyrir brot gegn ákvæðum 8.—9. gr. og 44.—45. gr. — Gjöld öll út af fjallskilamálum samkvæmt reglugjörð þessari hafa lögtaksrjett sem sveitargjöld.

76  
22. ágúst

51. gr.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

52. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. september 1921 og er jafnframt úr gildi feld »Reglugjörð fyrir Kjósarsýslu um fjallskil og fl., 3. ágúst 1909« og »Reglugjörð um grenja-leitir og refaveiðar í Kjósar- og Gullbringusýslu, 30. júlí 1891« og viðauki við hana, 29. júní 1894 að því er Kjósarsýslu viðkemur.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndin í Kjósarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 og lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1921.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 22. ágúst 1921.**

Í fjarveru ráðherrans.

**Oddur Hermannsson.**

---

*Páll Pálmason.*

77  
22. ágúst

## **Auglýsing**

**um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Suðurfjarðahrepps  
frá 22. maí 1919.**

Í stað orðanna »10%« í síðustu málsgrein 1. gr. gjaldskrár fyrir rafveitu Suðurfjarðahrepps frá 22. maí 1919 komi: 60%.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 22. ágúst 1921.**

Í fjarveru ráðherrans.

**Oddur Hermannsson.**

---

*Páll Pálmason.*